

Ed. 327. Frumvarp til laga [174. mál]

um breyting á lögum nr. 10/1952, um heimilishjálp í viðlögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—63.)

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þá má samkvæmt lögum þessum starfrækja heimilishjálp handa öldruðu fólki, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með þessu frumvarpi er ætlunin, að ákvæði laga um heimilishjálp í viðlögum gildi einnig um hjálp, sem veitt kynni að vera öldruðu fólki um lengri tíma en löggin gera annars ráð fyrir.

Nauðsynlegt væri að gera heimilishjálp aldraðs fólks að sérstakri deild í heimilishjálparstofnunum viðkomandi sveitarfélaga. Aldraða fólkið kæmist af með aðstoð við heimilisstörf, rekstur erinda o. s. frv. hluta úr degi, og í ýmsum tilfellum aðeins nokkra daga í viku. Kemur því til greina að ráða til þessara starfa fólk, sem ekki ynni fullan vinnutíma, svo sem annars er að jafnaði um þá, er taka að sér heimilishjálp í viðlögum.